

Nd.

129. Frumvarp til laga

um raforkuveitusjóð.

Flm.: Thor Thors, Gísli Sveinsson, Eiríkur Einarsson, Garðar Þorsteinsson,
Jón Pálmason, Sigurður E. Hliðar.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkuveitusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita hagkvæm lán til að gera orkuver og raforkuveitur í héruðum landsins.

2. gr.

Til raforkuveitusjóðs leggur rikissjóður a. m. k. 50 þús. kr. árlega á næstu 10 árum.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn raforkuveitusjóðs og ákvörðun lánveitinga, en fela má Búnaðarbanka Íslands afgreiðslu lána, bókhald, innheimtu og útborganir fyrir sjóðinn.

4. gr.

Lán úr raforkuveitusjóði mega nema allt að $\frac{1}{5}$ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 30 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 5 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrjú af hundraði — á ári.

5. gr.

Til tryggingar fyrir lánnum úr raforkuveitusjóði skal vera orkuverið og orkuveitan sjálf og aðrar þær tryggingar, sem ráðherra tekur gildar, svo sem ábyrgð sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags.

6. gr.

Raforkuveitusjóður skal undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga.

7. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins og lánveitingar úr honum setur ráðherra í reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa orðið mjög stórstígar framkvæmdir og framfarir á sviði raforkumálanna. Stór orkuver hafa verið reist víðsvegar á landinu, í nánd við hina stærstu kaupstaði. Stærsta virkjunin er Sogsvirkjunin, sem stjórn Reykjavíkur-bæjar hefir barizt fyrir og borið fram til sigurs. Fullnægir sú virkjun nú rafmagnsþörf Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og hefir nægilega raforku aflögu til að miðla nálægum sveitum. Mætti það mál að sönnu í upphafi andstöðu og þótti til þess stofnað af nokkru ábyrgðarleysi, en nú mun enginn vefengja nauðsyn og réttmæti þessa mikla mannvirkis.

Sjálfstæðisflokkurinn hefir ætíð haft forgöngu um framkvæmdir á sviði raforkumálanna. Má í því sambandi minna á frv. það um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, er Jón heitinn Þorláksson flutti á Alþingi 1929. Enda þótt það frv. fengi kaldar viðtökur og næði ekki fram að ganga, varð það til þess, að miklar umræður hófust um raforkumálin í heild og áhugi fór mjög vaxandi fyrir þeim. Síðan hafa farið fram viðtækar og ýtarlegar rannsóknir á raforkumálum landsins og skilýrðin til virkjunar víða verið athuguð og áætlanir gerðar um þær. Ennfremur hafa rannsóknir leitt í ljós, að unnt er að hafa margfalt aukin not þeirra orkustöðva, sem þegar eru reistar.

Sjálfstæðisflokkurinn telur nauðsynlegt, að öfluglega sé unnið að því, að landsmenn hagnýti sér raforkuna svo sem frekast eru föng á, til þess að sem flestum þeirra gefist kostur á að njóta þeirra gæða og þæginda, sem rafmagnið veitir. Er þess brýn þörf að gera not rafmagnsins sem viðtækust úti um kaптún og sveitir landsins, svo að bætt verði aðstaða og lífskjör þeirra, sem þar búa. Í þessu skyni er frumvarp þetta flutt.

Aðalefni frv. er, að stofnaður skuli sjóður, er veiti hagkvæm lán til að gera orkuver og til raforkuveitu. Telja flm. rétt, að rikissjóður leggi fram ákvæðna fjárhæð á næstu árum, eins og gert hefir verið til fjölmargra annara nauðsynja- og framfaramála. Flm. telja eðlilegast, að rikissjóður einn leggi af mörkum í þessum tilgangi, því að svo miklir annmarkar eru á öðrum þeim leiðum til fjáröflunar, sem bent hefir verið á, að eigi þykir fært að fara þær. Vilja flm. í því sambandi sérstaklega benda

á, að yrði að því horfið að skattleggja þær orkustöðvar, sem þegar eru reistar og margar eða flestar eru af vanefnum gerðar og eiga við byrjunarörðugleika að stríða, mundi því fylgja m. a. sú hættu, að örðugra verði um fjáröflun til þeirra orkuvera og rafveitna, sem enn eru ógerðar. Ennfremur verður að spyrna fast gegn því, að leggja enn inn á þá braut að leggja á nýja tolla og skatta með sérstökum lögum og í sérstökum tilgangi, án þess þeir renni í rikissjóð. Sú stefna hefir gefizt illa hér sem annarstaðar, m. a. vegna þess, að með því er almenningi villt sýn um skattaálögur, en við það missir löggjafinn nauðsynlegan hemil á ágengni í þeim efnum. Þetta sjónarmið viðurkenndi Alþingi í fyrra, er það með hinni nýju tollskrá færði eldri dreifða löggjöf í eina heild, til glegggra yfirlits fyrir almenning.

Lán úr sjóðnum mega nema allt að $\frac{1}{8}$ stofnkostnaðar til allt að 30 ára með 3% vöxtum.

Flutningsmenn gera sér vonir um, að þess verði eigi langt að bíða, að sjóðurinn verði það öflugur, að hann geti að verulegu leyti stuðlað að aukinni notkun rafmagns með þjóðinni, og að hafizt verði fljótlega handa þar, sem skilyrði eru bezt.